

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu
Dalbraut 12
840 Laugarvatn



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 15. júní 2015
UST201505-208/B.S.
10.04.02

Efni: Aðalskipulag Biskupstungnahrepps - breyting - færsla Reykjavegar og tvö ný efnistökusvæði. Umsögn

Vísað er til bréfs Bláskógabyggðar dags. 14. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingar á aðalskipulagi Biskupstungnahrepps sem felast annars vegar í uppbyggingu Reykjavegar (355) og hins vegar breytingu vegna tveggja „nýrra“ efnisnáma í landi Syðri-Reykja í Norðurtúni og við Byrgistanga í landi Efri-Reykja.

Lega Reykjavegar verður að mestu óbreytt að því undanskildu að nokkrar krappar beygjur verða mýktar. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við lagfæringu Reykjavegar.

Náma við Byrgistanga. Fyrirhugað efnistökusvæði er utan svæðis nr. 739 á náttúruminjaskrá. Þarna er ráðgert að taka um 49.000 m³ vegna uppbyggingar Reykjavegar. Umhverfisstofnun bendir á að samfara efnistökunni ætti að ganga frá eldra námusvæði sem er innan svæðis á náttúruminjaskrá og að tryggt verði í framkvæmdaleyfi að efnistaka fari alfarið fram utan svæðis nr. 739 á náttúruminjaskrá.

Náma í Norðurtúni. Þarna er ráðgert að taka um 149.000 m³ af efni úr námu sem að hluta er innan svæðis nr. 739 á náttúruminjaskrá. Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við þessa námu: Fram kemur í greinargerð að þarna hafi verið stunduð efnistaka til eigin nota. Þarna er vísað til 47. gr. laga nr 44/1999 um náttúruvernd, en þar segir m.a.: „*Öll efnistaka á landi er háð framkvæmdaleyfi hlutaðeigandi sveitarstjórna. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. er eiganda eða umráðamanni eignarlands heimil án leyfis minni háttar efnistaka til eigin nota.*“

Umhverfisstofnun telur að ef efnistaka eigi að vera undanþegin framkvæmdaleyfi þurfi hún að vera **bæði minni háttar og til eigin nota.** Efnistaka hefur farið fram í námunni í Norðurtúni um langt árabil. Þarna er að líkindum þegar búið að taka tugi þúsunda rúmmetra á svæði sem er að öllu leyti innan marka svæðis nr. 739 á náttúruminjaskrá. Umhverfisstofnun er kunnugt um að við endurbyggingu Laugarvatnsvegar keypti Vegagerðin efni úr þessari námu. Því telur stofnunin augljóst að þarna hefur ekki farið fram **minniháttar efnistaka til eigin nota.**

Einnig kemur fram í greinargerð að líklega verði náma Norðurtún nýtt til eigin nota að framkvæmdum við Reykjaveg loknum. Umhverfisstofnun telur að ekki ætti að setja inn í aðalskipulag efnistökusvæði þar sem ekki er gert ráð fyrri framkvæmdaleyfiskyldri framkvæmd vegna rangrar túlkunar á undanþáguákvæði sem bera að túlka þröngt, þ.e. að efnistaka þurfi að teljist **bæði minni háttar og til eigin nota** til að ekki sé um framkvæmdaleyfiskylda framkvæmd að ræða.


Umhverfisstofnun vill benda á að efnistaka í námunni í Norðurtúni hefur valdið sumarhúsaeigendum í næsta nágrenni námunnar miklu ónæði og óþægindum. Stofnunin telur að við breytingar á aðalskipulagi


Biskupstungnahrepps eigi að taka meira tillit til ólíkra hagsmuna í ljósi þess hversu mikilvægir þættir ferðamennska og sumarhúsabyggðir eru í sveitarfélaginu.

Umhverfisstofnun telur að í aðalskipulagi eigi ekki að skilgreina námu innan svæðis á náttúruminjaskrá eins og gert er hér. Í greinargerð kemur ekki fram hvort ráðgert sé að halda áfram efnistöku innan svæðis nr. 739 á náttúruminjaskrá.

Umhverfisstofnun telur að ekki eigi að gera ráð fyrir leyfislausri efnistöku úr námunni í Norðurtúni eins og verið hefur til þessa. Stofnunin telur að setja eigi skilyrði að efnistöku úr núverandi námu verði hætt og gengið endanlega frá þessum hluta námunnar, a.m.k. í síðasta lagi þegar fyrirhuguðum framkvæmdum við Reykjaveg lýkur.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Agnar Bragi Bragason
Lögfræðingur

Afrit: Skipulagsstofnun